



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Hvassaleitisskóli / Álftamýrarskóli

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. maí 2020 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs ásamt bréfi skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 20. mars 2020; umsögn skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 30. apríl 2020; umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 30. apríl 2020 og umsögn foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 5. maí 2020:

Lagt er til að starfseiningar Háaleitisskóla, annarsvegar starfsstöðin í Álftamýri og hinsvegar í Hvassaleiti verði aðgreindar að nýju í tvo grunnskóla frá og með skólaárinu 2020 - 2021. Álftamýrarskóli verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og Hvassaleitisskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Nemendur Hvassaleitisskóla sækja 8. - 10. bekk í Réttarholtsskóla sem verði safnskóli á unglíngastigi fyrir þrjá skóla í stað tveggja eins og verið hefur. Skólahverfamörkum verði breytt frá og með upphafi skólaársins 2020 - 2021 til samræmis við upplýsingar í fylgiskjali. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn Hvassaleitisskóli og Álftamýrarskóli. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Hanna Guðbjörg Birgisdóttir sem hefur starfað sem skólastjóri skólans verði skólastjóri Álftamýrarskóla en ný staða skólastjóra Hvassaleitisskóla verði auglýst í vor. Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna og opnun Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði skólans (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, grunnskólaskrifstofu og fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og er sviðsstjóra falið að ganga frá ráðningarmálum stjórnenda vegna breytinganna eftir því sem við á.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:


Í kjölfar fjármálahruns og þess samdráttar sem því fylgdi var á síðasta áratug ráðist í sameiningar ýmissa starfsstöðva í borginni, en þar lágu þó einnig faglegar ástæður að baki. Þó svo sumar þessara sameininga hafa gengið vel þá er því miður svo að í einhverjum tilvikum skiluðu sameiningar ekki þeim árangri sem vonast var til.

Háaleitisskóli er einn þeirra, en fyrir því liggja til að mynda landfræðileg fjarlægð og lágt stjórnunarhlutfall. Á síðasta skólaári var ákveðið að fjölga skólastjórum um einn í tilraunaskyni. Sú tilraun gekk vel og hefur skilað bættum árangri og aukinni ánægju starfsfólks og foreldra. Það er eðlileg niðurstaða þeirrar tilraunar að stíga nú skrefið til fulls og aðgreina Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla að nýju í sjálfstæðar einingar. Það er bæði rétt og mikilvægt að viðurkenna í verki þegar fyrirætlanir ganga ekki eftir og leiðrétta þá stefnuna í ljósi fenginnar reynslu.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Nú er komið á daginn að síndurtekin varnaðarorð fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í menntaráði Reykjavíkur áttu fullan rétt á sér þegar ákvörðun var tekin um sameiningar skóla í borginni árið 2011 þ.á.m. Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Sömuleiðis áttu vonbrigði foreldrafélags Hvassaleitisskóla fullan rétt á sér þegar kröfu þeirra um að fallið yrði frá sameiningu skólanna var hafnað. Í umsögnum skólaráða beggja skólanna var ekki mælt með sameiningu skólanna en engu að síður var hún keyrð í gegn þrátt fyrir hávær mótmæli foreldra, fagfólks og starfsmanna og lítinn fjárhagslegan ávinning. Það hefði farið betur að þeir flokkar sem skipa meirihlutann nú og voru við völd þegar þessi ákvörðun var tekin hefðu séð að sér fyrr en þannig hefðu sparast ómældir fjármunir vegna þessarar sameiningar og óþægindi fyrir nemendur, foreldra, kennara, starfsfólk og skólastjórnendur.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra, dags. 20. apríl 2020

Bréf skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 20. mars 2020

Umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 30. apríl 2020

Umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla, dags. 30. apríl 2020

Umsögn foreldrafélags Réttarholtsskóla, dags. 5. maí 2020



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um aðgreiningu tveggja starfsstöðva Háaleitisskóla til fyrra horfs í tvo aðskilda skóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla.

Lagt er til að starfseiningar Háaleitisskóla, annarsvegar starfsstöðin í Álftamýri og hinsvegar í Hvassaleiti verði aðgreindar að nýju í tvo grunnskóla frá og með skólaárinu 2020 - 2021. Álftamýrarskóli verður eftir sem áður fyrir nemendur í 1. – 10. bekk og Hvassaleitisskóli fyrir nemendur í 1. – 7. bekk. Nemendur Hvassaleitisskóla sækja 8. - 10. bekk í Réttarholtsskóla sem verði safnskóli á unglingastigi fyrir þrjá skóla í stað tveggja eins og verið hefur.

Skólahverfamörkum verði breytt frá og með upphafi skólaársins 2020 - 2021 til samræmis við upplýsingar í fylgiskjali.

Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn Hvassaleitisskóli og Álftamýrarskóli. Við hvorn skólann verði skólastjóri. Hanna Guðbjörg Birgisdóttir sem hefur starfað sem skólastjóri skólans verði skólastjóri Álftamýrarskóla en ný staða skólastjóra Hvassaleitisskóla verði auglýst í vor.

Við breytinguna njóti skólarnir stuðnings vinnuhóps sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna og opnun Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúum í skólaráði skólans (foreldra, kennara, starfsmanna og nemenda), fulltrúa frá mannauðsþjónustu, grunnskólaskrifstofu og fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og er sviðsstjóra falið að ganga frá ráðningarmálum stjórnenda vegna breytinganna eftir því sem við á.

Greinargerð:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að starfseiningar Háaleitisskóla verði aðgreindar að nýju í tvo skóla, Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla. Tillagan byggir á þeirri staðreynd að þróun í nemendafjölda hefur ekki reynst á þann veg sem gert var ráð fyrir þegar skólarnir tveir voru sameinaðir í janúar 2012. Þá er stjórnunarumfang og heildarskipulag skólans talið of mikið miðað við stærðir eininganna og þá fjarlægð sem er á milli þeirra. Í könnun sem nýverið var lögð fyrir skólasamfélag Háaleitisskóla kom í ljós eindreginn vilji foreldra og starfsfólks til að aðskilja einingarnar tvær að nýju. Báðir eru skólarnir með nemendafjölda yfir því lágmarki sem Reykjavíkurborg hefur sett sér varðandi stærð skóla.

Jafnframt er lagt til að nemendur sem útskrifast úr 7. bekk Hvassaleitisskóla eigi rétt á skólavist í Réttarholtsskóla og að Réttarholtsskóli verði frá og með skólaárinu 2020 – 2021 safnskóli fyrir þrjá skóla; Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla og Hvassaleitisskóla. Mikill meiri hluti þeirra nemenda sem útskrifast hafa úr 7. bekk Háaleitisskóla/Hvassaleiti frá stofnun skólans hafa sótt um og fengið skólavist í 8. bekk í Réttarholtsskóla. Skólahverfin liggja saman um Grensásveg þar sem gerðar hafa verið margvíslegar breytingar til að tryggja umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Stærstur hluti skólahverfis Hvassaleitisskóla er nær Réttarholtsskóla en Álftamýrarskóla. Þeir nemendur sem ekki kjósa að sækja um skólavist í Réttarholtsskóla geta skv. reglum borgarinnar um skólahverfi og innritun í grunnskóla Reykjavíkur sótt um skólavist í öðrum skólum og ber þeim skólum að taka inn alla nemendur svo fremi að húsnæði leyfi.

Lagt er til að settur verði á laggirnar vinnuhópur sem vinnur að farsælum aðskilnaði eininganna og opnun Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla haustið 2020. Hópurinn verði skipaður núverandi skólastjórnendum, fulltrúa frá mannauðsþjónustu, fulltrúa frá grunnskólaskrifstofu SFS og fulltrúa frá fjármálaskrifstofu SFS. Lagt er til að hópurinn taki til starfa nú þegar og starfi þar til breytingarnar hafa formlega gengið eftir.

Í maí 2019 barst skóla- og frístundasviði erindi frá skólastjóra Háaleitisskóla þar sem sagði m.a:

Eftirfarandi breyting á stjórnkerfi Háaleitisskóla hefur verið til umræðu og undirbúningi í skólasamfélagi Háaleitisskóla um nokkra hríð. Meginbreytingin er sú að við skólann starfi í tilraunaskyni á næsta skólaári (2019-2020) tveir skólastjórar sem stýri starfi hvor í sínu húsi. Tilgangur breytinganna er að auka skilvirkni í stjórnun skólans. Frá því að Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli voru sameinaðir árið 2011 í Háaleitisskóla hefur orðið veruleg breyting á nemendafjölda, verkefnum og rekstrarumfangi skólans. Mikilvægt er að dagleg verkefni í skólastarfinu geti fengið fullnaðarafgreiðslu í hvoru húsi eins fljótt og auðið er. Stefnumarkandi ákvarðanir sem og ákvarðanir sem fela í sér verulega fjárhagsskuldbindingu eru teknar í samráði skólastjóra og á höfuðábyrgð skólastjóra Álftamýrarskóla.

...

Kostnaður við breytinguna rúmast innan fjárhagsramma skólans. Meðfylgjandi er umsögn skólaráðs Háaleitisskóla um þessa breytingu. Óskað er eftir því að sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs taki sem fyrst afstöðu til þessarar tímabundnu breytinga á stjórnkerfi skólans.

Málið var tekið fyrir á fundi skólaráðs Háaleitisskóla þann 17. maí 2019 og var þá eftirfarandi bókað:

Skólaráð Háaleitisskóla styður hugmyndir um breytt stjórnkerfi skólans.

Ráðið leggur áherslu á að skóla- og frístundasvið leggi mat á framkvæmdina vorið 2020 og ef niðurstöður þess sýna fram á jákvætt mat skólasamfélagsins og ef sýnt verður að rekstrarlegum markmiðum sé náð, verði stefnt að fullum aðskilnaði starfstöðvanna, eigi síðar en vorið 2021.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs samþykkti beiðni Háaleitisskóla um tilraun til eins árs með breyttu stjórnunarformi með bréfi dagsettu 24. maí 2019 og hefur skólinn því starfað skólaárið 2019-2020 með tvo skólastjóra, einn á hvorri starfsstöð, þó með þeim hætti að skólastjóri starfsstöðvarinnar í Hvassaleiti bar höfuðábyrgð á starfseminni gagnvart Reykjavíkurborg og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Samkvæmt beiðni skólaráðs og í samræmi við fyrirvara sviðsstjóra um að tilraunin skyldi gerð, var í ársbyrjun 2020 lögð fyrir könnun til starfsfólks og foreldra Háaleitisskóla um viðhorf til þeirrar tilraunar sem verið hefur í vetur um breytt stjórnunarfyrirkomulag.

Niðurstöður könnunar meðal starfsfólks eru afgerandi. Starfsfólk beggja starfsstöðva þ.e. 94,83% telur að með þeirri tilraun sem staðið hefur yfir á þessu skólaári hafi skilvirkni aukist. Tilraunin felst í því að skólastjóri starfar á hvorri starfsstöð í 100% starfshlutfalli sem er mikil aukning frá því sem var þegar báðar starfsstöðvar voru á höndum eins skólastjóra. 98,27% starfsfólks upplifir viðveru skólastjóra á starfsstöð mjög jákvæða eða frekar jákvæða.

97,3% starfsfólks í Álftamýri er mjög sammála eða frekar sammála því að horfið verði frá sameiningu skólanna og Álftamýraskóli þjóni í framtíðinni nemendum í sínu hverfi frá 1. - 10. bekk. Þessi spurning var ekki lögð fyrir í Hvassaleiti en þar var spurt um hve sammála eða ósammála fólk væri ef Hvassaleitisskóli þjónaði nemendum í sínu hverfi frá 1.-7. bekk en þeir yrði svo hluti skólahverfis Réttarholtsskóla í 8.-10. bekk. 57,2 % var mjög eða frekar sammála þeirri tillögu.

Niðurstöður úr foreldrakönnun sýna að mikill meirihluti aðspurðra finna fyrir jákvæðum breytingum við það að hafa einn starfandi skólastjóra við hvora starfsstöð.

70,6% svarenda í Álftamýri eru mjög eða frekar jákvæðir gagnvart þessari breytingu og 81,1% foreldra í Hvassaleiti. Þegar foreldrar eru spurðir að því hvort þeir séu hlynntir eða andvígir því að sameining skólanna gangi til baka kemur fram að 52,4% foreldra í Álftamýri eru mjög eða frekar hlynnt og 66,7% foreldra í Hvassaleiti.

Í ytra mati sem fram fór í febrúar 2018 var sameining skólanna ekki sérstaklega metin en í matsskýrslu er þess sérstaklega getið að í öllum rýnihópum nemenda, foreldra, kennara, annarra starfsmanna og stjórnenda hafi komið fram athugasemdir og ábendingar varðandi sameininguna. Meðal þess er kom fram í rýnihópum var að unglingar í Hvassaleiti fara flestir í Réttarholtsskóla, fremur en í unglingadeildina í Álftamýri. Upplifun nemenda, foreldra og starfsmanna virtist vera að starfsstöðvarnar Hvassaleiti og Álftamýri séu tveir aðskildir skólar. Of langt var talið á milli skólanna til að þeir geti sameinast í einn. Starfsfólki fannst sameiningin ekki styðja við aukið faglegt skólastarf og mikill ókostur var talinn að skólastjóri þurfi að skipta sér á milli starfseininga. Skólaárið 2019-2020 var tekin ákvörðun eftir eindregna ósk skólastjórnenda Háaleitisskóla að gera tilraun með að skilja skólana að stjórnunarlega, þó þannig að ekki var aukið í stjórnun heldur var skólastjóri settur yfir hvora starfsstöð.

Í eftirfarandi töflu má sjá þróun í nemendafjölda skólans frá árinu 2012 og áætlun til 2025:

Tafla:

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Nemendasþá (með uppbyggingarreitum)					
								Raunfjöldi 1.okt.19	2020-2021	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Háaleitisskóli - Álftamýri	325	320	317	334	326	355	362	381	386	385	378	373	385
Háaleitisskóli - Hvassaleiti	156	155	153	154	169	188	165	159	191	207	219	225	222

Þróun nemendafjölda frá árinu 2012 og áætlun um fjölda nemenda til skólaársins 2024 – 2025 gefa sterka vísbendingu um að nemendum sé að fjölga og um leið umfang skólastarfsins að aukast í báðum starfsstöðvum núverandi Háaleitisskóla.

Skóla- og frístundasviði barst erindi frá skólaráði Háaleitisskóla dags. 18. mars 2020 þess efnis að í ljósi ofangreindra niðurstaðna og þeirrar staðreyndar að umfang skólastarfsins í Háaleitisskóla hefur aukist mikið á síðustu árum fór skólaráð Háaleitisskóla fram á það við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar að sameiningu verði slitið sem fyrst svo hægt verði að hefjast handa við undirbúning næsta skólaárs, það er í mörg horn að líta og tíminn er naumur, sérstaklega í ljósi þeirrar fordæmalausu stöðu sem uppi er í okkar samfélagi.

Því er mælt með að skóla- og frístundaráð styðji framkomið erindi skólastjóra og skólaráðs Háaleitisskóla um að skilja að núverandi starfsstöðvar Háaleitisskóla í Álftamýri og Hvassaleiti í tvo aðskilda grunnskóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla. Meirihluti foreldra og starfsfólks Háaleitisskóla styður þessa breytingu og niðurstöður úr ytra mati benda jafnframt til þess að stuðningur sé í skólasamfélaginu við þær breytingar sem nú eru lagðar til.

Tilraunin sem gerð hefur verið skólaárið 2019 – 2020 með að ráða skólastjóra í 100% starf í báðum starfsstöðvum virðist hafa skilað því markmiði að auka skilvirkni í stjórnuninni.

Tekið er fram að breytingin hefur ekki áhrif á rekstur frístundaheimila sem rekin eru við hvorn skóla og félagsmiðstöðvar.

Hér má sjá upplýsingar um hvernig nemendur í Réttarholtsskóla í apríl 2020 skiptast eftir skólahverfum:

Skólahverfi Háaleitisskóla - Hvassaleitis	72
Skólahverfi Réttarholtsskóla	276
Nemendur með lögheimili utan Reykjavíkur	10
Nemendur með lögheimili erlendis	4
Önnur skólahverfi Reykjavíkurborgar	37

Hér má sjá yfirlit yfir nemendafjöldaþróun í Réttarholtsskóla frá árinu 2012 og spá fyrir næstu fjögur ár. Gert er ráð fyrir uppbyggingarreitum í þeim hverfum sem um ræðir en í neðri línunni er búið að bæta við ráðgerðum fjölda nemenda úr Hvassaleitisskóla. Af þeim unglíngum sem í dag eiga lögheimili í skólahverfi Háaleitisskóla – Hvassaleitis, sækja um 60% Réttarholtsskóla. Í spánni hér fyrir neðan er gert ráð fyrir að hlutfallið sé 100%.

									Nemendaspá m/uppbyggingarreitum				
	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Réttarholtsskóli	313	348	360	399	400	400	390	401	399	412	434	436	438
Með viðbót úr Hvassaleiti									413	424	447	451	453

Ekki er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna breytinganna.

Skólahverfi Álftamýrarskóla 1. – 10. bekkur

Álftamýri

Ármúli

Fellsmúli

Grensásvegur

Háaleitisbraut

Lágmúli

Safamýri

Síðumúli

Starmýri

Skólahverfi Hvassaleitisskóla 1. – 7. bekkur

Álmgerði

Brekkugerði

Efstaleiti

Espigerði

Furugerði

Grensásvegur frá 22

Heiðargerði

Hlyngerði

Hvammngerði

Hvassaleiti

Jaðarleiti

Kringlan

Lágaleiti

Miðleiti

Neðstaleiti

Ofanleiti

Seljugerði

Skálagerði

Stóragerði

Viðjugerði

Vörðuleiti

Skólahverfi Réttarholtsskóla 8. – 10. bekkur

Aðalland

Akraland

Akurgerði

Austurgerði

Áland

Álfaland

Álftaland

Ánaland

Árland

Ásendi

Ásgarður

Bakkagerði

Básendi

Bjarmaland

Bleikargróf

Blesugróf

Borgargerði

Brautarland

Breiðagerði

Breiðholtsvegur

Brúnaland

Búðargerði

Búland

Bústaðablettur

Bústaðavegur

Byggðarendi

Dalaland
Efstaland
Fossvogsblettur
Garðsendi
Gautland
Geitland
Giljaland
Goðaland
Grundargerði
Grundarland
Haðaland
Hamarsgerði
Háagerði
Helluland
Hjallaland
Hlíðargerði
Hólmgarður
Hulduland
Hæðargarður
Hörðaland
Jöldugróf
Kelduland
Kjalarland
Kjarrvegur
Klifvegur
Kúrland
Kvistaland
Langagerði
Lautarvegur
Láland
Litlagerði
Ljósaland
Logaland

Markarvegur
Markland
Melgerði
Mosgerði
Rauðagerði
Réttarholtsvegur
Seljaland
Skógargerði
Skógarvegur
Sléttuvegur
Snæland
Sogamýrarblettur
Sogavegur
Steinagerði
Stjörnugróf
Sævarland
Teigagerði
Traðarland
Tunguvegur
Undraland
Vogaland
Álmgerði
Brekkuagerði
Efstaleiti
Espigerði
Furugerði
Grensásvegur frá 22
Heiðargerði
Hlyngerði
Hvammngerði
Hvassaleiti
Jaðarleiti

Kringlan

Lágaleiti

Miðleiti

Neðstaleiti

Ofanleiti

Seljugerði

Skálagerði

Stóragerði

Viðjugerði

Vörðuleiti

Starmýri

Álmgerði

Brekkugerði

Efstaleiti

Espigerði

Furugerði

Grensásvegur frá 22

Heiðargerði

Hlyngerði

Hvammsgerði

Hvassaleiti

Jaðarleiti

Kringlan

Lágaleiti

Miðleiti

Neðstaleiti

Ofanleiti

Seljugerði

Skálagerði

Stóragerði

Viðjugerði

Vörðuleiti



HÁALEITISSKÓLI

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla-og frístundasviðs
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 20. mars 2020

Erindi til skóla- og frístundasviðs frá skólaráði Háaleitisskóla.

Með vísan í niðurstöður kannana sem gerðar hafa verið á síðust vikum, bæði meðal starfsmanna Háaleitisskóla, Álftamýri og Hvassaleiti og foreldra könnunar Reykjavíkurborgar fer skólaráð Háaleitisskóla fram á það við skóla- og frístundasvið Reykjavíkur að fallið verði frá sameiningu Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla og þeir fái aftur að starfa sem tveir sjálfstæðir skólar.

Niðurstöður könnunar meðal starfsfólks eru afgerandi. Starfsfólk beggja starfsstöðva þ.e. 94,83% telur að með þeirri tilraun sem staðið hefur yfir á þessu skólaári hafi skilvirkni aukist. Tilraunin felst í því að skólastjóri starfar á hvorri starfsstöð í 100% starfshlutfalli sem er mikil aukning frá því sem var þegar báðar starfsstöðvar voru á höndum eins skólastjóra. 98,27% starfsfólk upplifir viðveru skólastjóra á starfsstöð mjög jákvæða eða frekar jákvæða.

97,3% starfsfólks í Álftamýri er mjög sammála eða frekar sammála því að horfið verði frá sameiningu skólanna og Álftamýraskóli þjóni í framtíðinni nemendum í sínu hverfi frá 1. - 10. bekk. Þessi spurning var ekki lögð fyrir í Hvassaleiti en þar var spurt um hve sammála eða ósammála fólk væri ef Hvassaleitisskóli þjónaði nemendum í sínu hverfi frá 1.-7. bekk en þeir yrði svo hluti skólahverfis Réttarholtsskóla í 8.-10. bekk. 57,2 % var mjög eða frekar sammála þeirri tillögu.

Niðurstöður úr foreldrakönnun sýna að mikill meirihluti aðspurðra finna fyrir jákvæðum breytingum við það að hafa einn starfandi skólastjóra við hvora starfsstöð.



HÁALEITISSKÓLI

70,6% svarenda í Álftamýri eru mjög eða frekar jákvæðir gangvar þessari breytingu og 81,1% foreldra í Hvassaleiti. Þegar foreldrar eru spurðir að því hvort þeir séu hlynntir eða andvígir því að sameining skólanna gangi til baka kemur fram að 52,4% foreldra í Álftamýri eru mjög eða frekar hlynnt og 66,7% foreldra í Hvassaleiti.

Í ljósi þessa og þeirrar staðreyndar að umfang skólastarfsins hefur aukist mikið á síðustu árum förum við fram á það við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar að sameiningu verði slitið sem fyrst svo hægt verði að hefjast handa við undirbúning næsta skólaárs, það er í mörg horn að líta og tíminn er naumur, sértaklega í ljósi þeirrar fordæmalausú stöðu sem uppi er í okkar samfélagi.

Með kveðju frá skólaráði Háaleitisskóla,

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir,
skólastjóri

Ester Eyfjörð Ísleifsdóttir,
skólastjóri Hvassaleiti

Guðni Kjartansson,
aðstoðarskólastjóri Álftamýri

Iðunn Pála Guðjónsdóttir,
deildarstjóri í Hvassaleiti

Guðrún Jóna Valgeirsdóttir,
fulltrúi kennara (Álf)

Jóhanna Gylfadóttir,
fulltrúi kennara (Hva)

Eva Hafsteinsdóttir,
fulltrúi foreldra (Hva)

Gróa Másdóttir,
fulltrúi foreldra (Álf)

Bylgja Björnsdóttir,
formaður foreldrafélags Háaleitisskóla, áheyrnarfulltrúi í skólaráði

Ægir Freyr Birgisson,
forstöðumaður í Tónabæ og fulltrúi grenndarsamfélags í skólaráði



Reykjavík, 30. apríl 2020

Efni: Bókun skólaráðs Háaleitisskóla vegna umsagnar um breytingar á Háaleitisskóla.

Skólaráð Háaleitisskóla hefur tekið til umfjöllunar samþykkt tillögu skóla og frístundasviðs um aðgreiningu tveggja starfsstöðva Háaleitisskóla til fyrra horfs í tvo aðskilda skóla, Álftamýrarskóla og Hvassaleitisskóla.

Samþykktin hefur verið kynnt skólaráði, ráðið fagnar þeim breytingunum sem koma fram í tillögunni og samþykkir hana án athugasemda.

F.h. skólaráðs Háaleitisskóla

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir,
skólastjóri



Reykjavík, 30. apríl 2020

Beiðni frá skóla- og frístundasviði um umsögn skólaráðs Réttarholtsskóla

Efni: Tillaga um breytingar í Háaleitisskóla

Skólaráð Réttarholtsskóla fagnar því að starfseiningar Háaleitisskóla verði aðskildar í tvær sjálfstæðar skólaeiningar og að Réttarholtsskóli verði heimaskóli nemenda sem koma úr skólahverfi Hvassaleitisskóla. Rík hefð er fyrir því að nánast allir nemendur sem ljúka 7. bekk í Hvassaleitisskóla sækji um skólavist í Réttarholtsskóla og hefur skólinn undantekningarlaust samþykkt skólavist þeirra. Þó er mikilvægt að huga að árgangastærðum og líta til framtíðar með húsnaði skólans í huga. Eins er úthlutunarlíkan sem unnið er eftir núna afar óhagstætt fyrir fjárúthlutun til Réttarholtsskóla. Úthlutunarlíkanið tekur mið af árgangastærðum og fjöldi þeirra nemenda sem kemur úr Hvassaleitisskóla hefur ekki áhrif á úthlutun þar sem sá fjöldi sem bætist við hvern árgang breytir ekki forsendum til að hafa hópana fleiri. Stærð allra árganga eru alveg á mörkum þess að fjárúthlutun verði meiri og möguleiki verði að hafa bekkjardeildirnar fleiri. Jafnframt telur skólaráð Réttarholtsskóla að brýn þörf sé að koma á fót aðstöðu innan skólans í samstarfi við félagsmiðstöðina Bústaði til að þjónusta félagsþátt unglinga en full þörf er á að bæta núverandi aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar. Stærð húsnaðis skólans í dag er hamlandi þáttur í þeim efnum.

Virðingarfyllst fh. skólaráðs Réttarholtsskóla,

Margrét Sigfúsdóttir skólastjóri.

Reykjavík 05.05.2020

Beiðni frá Skóla- og frístundasviði um umsögn foreldrafélags Réttarholtsskóla

Stjórn foreldrafélags Réttarholtsskóla fagnar þeirri ákvörðun að aðgreina eigi starfstöðvar Háaleitisskóla í tvo sjálfstæða grunnskóla að nýju, Hvassaleitisskóla og Álftamýrarskóla.

Við fögnum einnig þeirri tillögu að nemendur úr Hvassaleitisskóla klári grunnskólagöngu sína, 8.-10. bekk í Réttarholtsskóla. Frá því að Hvassaleitisskóli og Álftamýrarskóli voru sameinaðir hafa nemendur úr Hvassaleiti að lang stærstum hluta sóst eftir því að sækja nám í Réttarholtsskóla að loknum 7. bekk og er reynslan af því góð.

Jafnframt hvetur stjórn foreldrafélagsins að aukið fjármagn fylgi fjölgun nemenda í Réttarholtsskóla svo fjölga megi námshópum til að tryggja gott og farsælt námsumhverfi fyrir nemendur.

Einnig viljum við nýta tækifærið og ítreka mikilvægi þess að félagsmiðstöð hverfisins fái viðunnandi húsnæði til að tryggja jafnt aðgengi allra nemenda.

Fyrir hönd stjórnar foreldrafélags Réttarholtsskóla

Hildur Björk Kristjánsdóttir

Íris Davíðsdóttir

